



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

Nóvember 2020

Kæru viðtakendur!

Hér hefja Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar göngu sína og er stefnt að því að þau komi út að jafnaði mánaðarlega. Þau eru send til fulltrúa AkAk og samstarfsaðila stofnunarinnar. Tilgangurinn er að miðla upplýsingum um það helsta sem er efst á baugi í starfinu hverju sinn hjá AkAk og að styrkja gagnkvæm tengsl og samskipti.

Góðar stundir!

Fulltrúaráð, stjórn og framkvæmdastjóri

Samkvæmt skipulagsskrá AkAk kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð, þar af þrjú í stjórn, til eins árs í senn úr hópi skráðra fulltrúa. Í stjórn starfsárið 2020-2021 eru Steinunn A. Ólafsdóttir formaður, Ólafur B. Thoroddsen gjaldkeri og Sigurgeir Guðjónsson ritari. Auk þeirra eru í fulltrúaráði Dr. Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Dr. Martina Huhtamäki og Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir. Framkvæmdastjóri er Aðalheiður Steingrímsdóttir. Veffang AkAk er www.akak.is og á vefsíðunni má finna margvíslegar upplýsingar um skipulag og starf stofnunarinnar. Sími er 833-9861.

Húsnæði

Í byrjun þessa árs urðu þau ánægjulegu tímamót hjá AkAk að keypt var skrifstofurými í Sunnuhlíð 12 og lauk þar með langri óvissu í húsnæðismálum. Húsnæðið er um 180 fm og felur í sér opið rými sem er stúkað niður í smærri vinnupláss, fundarherbergi, eldhús með kaffi- og mataraðstöðu og geymslur. Nú sem stendur eru 11 fulltrúar með vinnuaðstöðu hjá AkAk og er þá aðstaða framkvæmdastjóra meðtalin. Öll vinnupláss eru fullnýtt og er stefnt að því að fjölga þeim innan tíðar.

Starfið

Flutningar í nýtt húsnæði settu talsverðan svip á starfið framan af árinu og kvóít-19 varð síðan til að hægja á því eins og víða í samfélaginu. Haldið var þó í þann ágæta sið að fara í árlega vorferð fulltrúa og voru skoðaðir merkir staðir austan Eyjafjarðar. Í september var blásið til umræðufundar um stefnu og starf AkAk á næstu árum sem Hólmar Svansson framkvæmdastjóri Háskólans á Akureyri sá um að stýra. Gert er ráð fyrir að næstu mánuðir verði notaðir til að vinna úr niðurstöðum fundarins og leggja stefnu fyrir stofnunina. Einnig var farið aftur af stað með súpufundi eftir nokkurt hlé en þá koma fulltrúar saman í hádeginu og gæða sér á súpu og ræða starfið á vettvangi AkAk. Samstarf er á milli AkAk og öldrunarheimila Akureyrarbæjar um að fulltrúar haldi þar nokkra fyrirlestra fyrir heimilisfólkið og verður þeim streymt þangað út af kóví-19. Við hjá AkAk erum mjög ánægð með að geta lagt eldri borgurum lið og stytt þeim stundirnar við þessar aðstæður í samfélaginu.

Innanhúsfólk

Innanhúsfólk AkAk sinnir eins og áður fræðum og vísindum á fjölbreyttum sviðum af miklu kappi og afurðirnar sem hafa orðið til í akademíunni á þessu ári eru fjölmargar eins og gefur á að líta hér á eftir. Einnig er margt spennandi í undirbúningi.

Arndís Bergsdóttir nýdoktor við HÍ tók þátt í Þjóðarspegli HÍ 2020 en þar var hún með erindið *Rými fyrir kvikar sögur: Ósýnilegur arfur fatlaðs fólks á söfnum* í málstofunni *Disability before Disability: Thinking outside preconceived ways of doing research*. Einnig tók Arndís þátt í pallborði í málstofunni *Stéttavitund, elitumyndun og menningarlegt forræði* en þar var viðfangsefnið valdagreining á íslensku samfélagi fyrr og nú. Arndís hélt nýlega fyrirlestur fyrir heimilisfólk á öldrunarheimilum Akureyrarbæjar um byggðasafnið að Snartastöðum í Norður-Þingeyjarsýslu. Fyrirlesturinn bar heitið *Það sem konur gerðu. Rýnt í sýningu safnsins að Snartastöðum* og byggir hann á rannsókn Arndísar á safninu.

Martina Huhtamäki nýdoktor í norrænum málum er meðhöfundur þriggja ritrýndra greina sem birtust annars vegar í greinasöfnunum *Typological Studies in Language* og *Studies in Language and Social Interaction* og hins vegar í tímaritinu *Language in society*. Greinarnar fjalla um merkingu og endurtekningu í finnsk-sænskum samtölum og fyrirmæli og rök sem eru notuð í einkaþjálfun. Martina fékk einnig nýlega styrk hjá norrænum sjóði á sviði hug- og félagsvísinda (NOS-HS) til að halda vinnustofur um áhrif ensku á norræn tungumál og finnsku.

Ólafur B. Thoroddsen kennari og landfræðingur er annar aðalhöfundur *Árbókar Ferðafélags Íslands 2020* sem fjallar um Rauðasandshrepp hinn forna.

Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur er höfundur bókarinnar *Þættir úr sögu Geðverndarfélag Akureyrar 1974-2019* sem Geðverndarfélag Akureyrar gaf út.

Steinunn A. Ólafsdóttir doktorsnemi í heilbrigðisvísindum við HÍ er höfundur tveggja ritrýndra greina sem voru birtar á árinu í *BMC Health Services Research*. Greinarnar fjalla um þróun og prófun á gagnvirkum tækniþúnaði fyrir einstaklinga sem búa í heimahúsum eftir að hafa fengið heilaslag og er ætlaður til að hvetja til aukinnar hreyfingar.

Valgerður S. Bjarnadóttir nýdoktor við Menntavísindasvið HÍ er meðhöfundur ritrýndrar greinar í tímaritinu *Gender, Work and Organization* um áhrif kóvítt-19 á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Einnig hefur Valgerður haldið fjölmörg ráðstefnuerindi, m.a. í Þjóðarspegli HÍ 2020 en þar var hún meðhöfundur tveggja erinda. Annað erindið, *Háskólar og samtali við samfélagið – Vinnumatskerfið sem stýrandi afl*, var haldið í málstofu um *Háskóla og lýðræði*. Hitt erindið var haldið í málstofu um *Móðurhlutverk og mæðrun* og fjallaði um niðurstöður rannsóknar á áhrifum kóvítt-19 á heimilislíf, heimilisstörf og umönnun barna.

Samstarfssamningar

Fyrir nokkru var [samstarfssamningur](#) AkAk og Háskólans á Akureyri endurnýjaður til næstu þriggja ára og er markmið hans m.a. að efla samstarf milli aðila og stuðla að sem bestri nýtingu sérfræðiþekkingar, kunnáttu, efniviðs og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir. Á liðnum árum hefur samstarf HA og AkAk

verið gott og farsælt. Við hjá AkAk fögnum endurnýjun samningsins og hlökkum til frekara samstarfs við HA.

Fyrir tveimur árum gerðu AkAk og [ReykjavíkurAkademían](#) með sér [samstarfssamning](#) og er þar m.a. kveðið á um að þeir sem leigja vinnuaðstöðu á hvorum stað fyrir sig geti fengið tímabundinn aðgang að vinnu- og fundaraðstöðu í hinni Akademíunni. Nánari upplýsingar um þessa möguleika má nálgast hjá skrifstofum Akademianna. Samtal er í gangi milli AkAk og RA um leiðir til að dýpka samstarfið.

AkureyrarAkademían

Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri

Sími 833-9861

Veffang www.akak.is

Ábyrgðarmaður Fréttabréfs AkAk Aðalheiður Steingrímsdóttir

adalheidur.steingrimsdottir@akak.is